



## 1194. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 11. september 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.**

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Björn Kristjánsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Anna Þóra Ísfold, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Gestur fundarins:** Viðar Ingason hagfræðingur VR

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1193. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1193. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór dreifði nýútgefnu *Efnahagsyfirliti VR* og að því búnu tók til máls gestur fundarins, Viðar Ingason, hagfræðingur VR.

Viðar lagði fram skjalið „*Fjárlagafrumvarp 2020 – Tekjuskattsbreytingar*“ dags. 09.09 2019, og fór yfir efni þess á slæðum.

Í máli Viðars kom m.a. fram að fyrst og fremst væri hér verið að skoða hvernig ný fram komið fjárlagafrumvarp stjórnvalda stemmir við lífsskjarasamningana hvað varðar tekjuskattsbreytingar. Fyrst fór Viðar yfir breytingar sem gerðar verða á skattþrepum og sagði að stóra breytingin kæmi árið 2021 en í tölum er miðað við meðalútsvar 14,44%.

Þá reifaði Viðar hvernig nýtt skattkerfi mun líta út að lokinni innleiðingu árið 2021 þar sem skatthlutfall í 1. þrepi yrði 31,44%, 2. þrepi 37,94% og 3. þrepi 46,24%. Persónuafsláttur yrði þá 51.265 kr. á mánuði og skattleysismörk 163.057 kr. á mánuði en einnig kom fram að skattleysismörkin verði í raun óbreytt að raungildi og var það skýrt í töflu.

Þá sagði hann frá því, og sýndi á grafi, hvernig dæmið liti út ef þetta yrði innleitt á einu bretti árið 2019 til þess að sýna hvaða áhrif þessar breytingar hafa á mismunandi laun þ.e. frá byrjunarlaunum VR og upp í 1,3m.kr. laun.

Að lokum fór Viðar yfir á grafi áhrifin árin 2021 m.v. árið 2019 og að hans



mati eru þetta þokkalega jöfn áhrif sem þessar skattabreytingar hafa í för með sér.

Umræður.

Bjarni Þór mætti hér til fundar kl. 17:48

Að loknum umræðum þakkaði Ragnar Þór Viðari fyrir hans innlegg og vék Viðar þá næst af fundi.

Ragnar Þór sagði að sér virtist sem þessar skattabreytingar væru á pari við það sem við sömdum um í kjarasamingunum og að jákvætt sé að þetta gerist hraðar en vænst var þ.e. á 2 árum í stað 3 ára.

Ragnar Þór sagði nú frá öðrum kjaramálum m.a. að hann hafi farið á vegum Landssambandsins á ráðstefnu í Grænlandi þar sem umfjöllunarefnið var verkalýðshreyfing og umhverfismál. Mun skýrsla um ferðina verða tilbúin á næsta stjórnarfundum.

Þá hafi hann farið á ráðstefnu í Kuala Lumpur í Malasíu ásamt Svanhildi Ólöfu og Eiði Stefánssyni formanni Félags skrifstofu- og verslunarfólks á Akureyri. Þar hafi verið fjallað um tæknibreytingar, 4. iðnbyltinguna og er skýrsla um þá ferð einnig væntanleg fljótlega.

Fyrirhuguð er svo ferð ásamt félagsmálaráðherra og fleirum hagsmunaaðilum til þess að hitta húsnæðismálaráðherra Skotlands og einnig aðra aðila er þau mál varða í Bretlandi. Munu þau ræða og kynna sér sk. „start-lán“ frá ríki og fleira er varðar hagsmuni fyrstu kaupenda á húsnæðismarkaði. Vonandi næst svo í framhaldinu að fullmóta tillögur og svo nýtt lagafrumvarp þannig að við náum markmiðum sem við settum í kjarasamningunum.

Ragnar Þór sagði að nú væru öll nefndarstörf að fara aftur á fullt bæði hér hjá VR og svo á vettvangi ASÍ.

Umræður.

Að lokum sagði Ragnar Þór frá því að nú væri að fara af stað mikil kynningarherferð VR um styttingu vinnuvikunnar og fyrsta skrefið er ráðstefna með trúnaðarmönnum og trúnaðarráði á morgun „Komdu á trúnó“ á Grand Hótel Reykjavík.

### 3. Samþykktir milli funda

#### a. Lán til félagsmanna vegna gjaldþrots

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Gjaldþrot Guðnabakarís*“ dags. 6. september 2019 en það var afrit af tölvupósti til stjórnarmanna dags. 28. ágúst 2019 þar sem óskað var eftir afstöðu þeirra til þess að félagið myndi lána félagsmönnum starfandi í Guðnabakaríi vegna ágústlauna. Gæti það orðið allt að 9. m. kr.

Þetta samþykktu 12 stjórnarmenn með svari í tölvupósti en engin viðbrögð komu frá þremur stjórnarmönnum.

Þá sagði Ragnar Þór að nú sé lagt til að hafa fastar reglur um lánveitingar sem þessar og lagði fram skjalið „*Reglur um lán til félagsmanna vegna gjaldþrota – drög*“. Þetta sé lagt fram nú til kynningar en svo til afgreiðslu á næsta fundi.

#### b. Lögbann á ólöglega innheimtu smálána og ábyrgð á mögulegri skaðabótaskyldu

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Lögbann á smálán*“ dags. 6. september 2019 en það var afrit af tölvupósti til stjórnarmanna dags. 3. september 2019 þar sem óskað var eftir afstöðu þeirra til þess að félagið myndi standa fjárhagslegan straum af mögulegri skaðabótaskyldu sem Neytendasamtökin gætu orðið fyrir í lögbannsmáli gegn ólöglegri innheimtu smálána sem þau eru að vinna í samstarfi við VR.

Þetta samþykktu 9 stjórnarmenn, 5 voru á móti og 1 sat hjá. Svör bárust í tölvupósti dagana 3. og 4. september 2019.

Ragnar Þór sagði að lögbannskrafan hafi verið lögð fram í gær og að úrskurðar sé að vænta á föstudag eða mánudag. Þá hafi hann fregnir af því að stéttarfélagið Efling ætli sér sennilega að koma með okkur í þessa baráttu. Það myndi gera okkur sterkari.

Umræður.

### 4. Sex mánaða uppgjör VR

Stefán lagði fram skjölin „*Lykiltölur VR janúar til júní 2019*“, „*Árshlutareikningur VR janúar til júní 2019*“ og „*Árshlutareikningur VR deildarskiptur – janúar til júní 2019*“ og fór yfir efni þeirra á slæðum.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að fjöldi félagsmanna VR sé nú 37.084 og er það 4,1% fjölgun frá sama tíma í fyrra. Enn fækkar símtölum til félagsins en að sama skapi fjölga heimsóknum á vefinn [www.vr.is](http://www.vr.is) og 17,3% fjölgun er á þeim félagsmönnum sem nota Mínar síður á vef félagsins. Af öðrum



eftirtektarverðum lykiltölum má nefna að fjöldi gistinguáttanna í orlofshúsum VR fjölga um 12,6%, nýjum málum hjá VIKR starfsendurhæfingu fjölga um

14,7% og áhyggjuefni er að atvinnulausum í félaginu fjölga um 69,2% þótt þess megi geta að atvinnuleysi meðal félagsmanna var óvenjulega lágt árið 2018.

Á tímabilinu varð aukning í útgreiðslum styrkja m.a. um 13,4% úr starfmenntasjóði og aukning um 17,9% úr sjúkrasjóði. Stefán sagði að tekjur VR hafi á tímabilinu verið 2,2 milljarðar kr., gjöld 2,3 milljarðar kr. og eignir VR 14,2 milljarðar kr.

Næst fór Stefán yfir rekstraryfirlitið þar sem kom m.a. fram að á tímabilinu janúar til júní 2019 hafi félagsgjöld numið 724 millj. kr., sjúkrasjóðsiðgjöld 1 milljarður kr. og orlofssjóðsiðgjöld 246 m. kr. en tekjur voru samtals 2.2 milljarðar kr. Varðandi rekstrargjöldin voru þau hæst í bótum og styrkjum eða 1.3 milljarður kr. og 478 m. kr. í skrifstofu- og stjórnunarkostnað en gjöld alls voru samtals 2,3 milljarðar kr. Rekstrargjöld umfram rekstrartekjur eru samtals -154.248.251 kr.

Fjármunatekjur VR eru 1,1 milljarður kr. og fjármagnsliðir alls 942 m.kr og hreinar tekjur til ráðstöfunar eru 788 m. kr.

Loks fór Stefán yfir rekstrarreikning eftir deildum.

Umræður.

## 5. Starfsreglur stjórnar VR

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Starfsreglur stjórnar VR 2018*“ og fór yfir á slæðum. Tílefnið voru umræður frá síðasta stjórnarfundum um möguleika þess að birta dagskrá stjórnarfunda á vef áður en fundur er haldinn. Taldi Ragnar Þór að það myndi ekki rýmast innan núgildandi starfsreglna þar sem segir; „*Almennt skulu mál og gögn þeim tengd sem eru til meðferðar og úrlausnar hjá stjórn meðhöndlast sem trúnaðarmál þar til þau eru afgreidd með ákvörðun stjórnar.*“

Ef vilji væri fyrir því væri auðvitað hægt að breyta þessu en svona eru reglurnar núna.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að starfsreglur væru samþykktar í byrjun hvers starfsárs og lagði hann til að taka þetta mál á dagskrá næst þegar starfsreglurnar verða endurskoðaðar vorið 2020.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Fjárfestingastefna VR

Stefán lagði fram skjalið „Fjárfestingastefna VR 2019 tillögur að breytingum“ og fór yfir á slæðum. Sagði hann að stefnan sé tekin fyrir árlega og sé hún nú lögð fram óbreytt nema hvað heiti á viðmiðunarvísitölum hafi breyst í tveimur tilvikum sem sé uppfært.

Stefnan er varfærin og sem dæmi eru 79% í ríkisskuldabréfum og sé í raun tekin minni áhætta í fjárfestingum heldur en t.d. hjá Lífeyrissjóðunum.

Umræður.

Ragnar Þór lagði til að fjárfestingastefnan sé samþykkt eins og hún var hér kynnt með breytingum á viðmiðunarvísitölum.

Samþykkt með 14 atkvæðum gegn einu mótatkvæði Arnþórs sem óskaði eftir að fá að skýra atkvæði sitt með eftirfarandi bókun:

*“Að mínu mati er óeðlilegt að verkalýðsfélag sé með fjármuni félagsmanna í verðbréfum og hlutabréfum fyrirtækja eða viðsemjenda sinna.”*

Fjárfestingastefna VR er því þannig í heild sinni eftir þessa samþykkt:

## „Fjárfestingastefna eignastýringarsafna VR

VR var stofnað árið 1891 af launþegum og atvinnurekendum í verslunarstétt sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og varð hreint launþegafélag 28. febrúar 1955. Tilgangur VR er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna. Fjárfestingastefna þessi gildir um eftirfarandi sjóði VR:

1. Félagssjóð
2. Sjúkrasjóð
3. Varasjóð
4. Orlofssjóð
5. Vinnudeilusjóð

Markmið VR með ávöxtun sjóða er að tryggja að ávöxtun fjármuna félagsmanna VR beri jafna og örugga ávöxtun með tilliti til fjárfestingastefnu eins og hún er á hverjum tíma.

Ávöxtun fjármuna VR skal taka mið af varkárni og skal meginhluti fjárfestinga eignastýringarsafns VR vera í verðbréfum sem hlotið hafa opinbera skráningu á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og ríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opin almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skal Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt hann.



Haga skal ráðstöfun eigna í verðbréfum þannig að samspil ávöxtunar og áhættu sé sem hagkvæmast.

Fjárfestinga- kostur	Lág- mark %	Há- mark %	Viðmiðsvísitala	Stefna %	Nánari lýsing eða takmarkanir
Bankainnlán	0	25	REIBID ON	0	Innlán, peningamarkaðsinnlán og víxlar hjá eftirlitsskyldum lánastofnunum
Ríkisskuldabréf	50	100	Normi Benchmark Bonds	79	Skuldabréf eða víxlar í íslenskum krónum með ábyrgð ríkissjóðs Íslands
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0	7	Gamma Corporate Bond Index	0	Skuldabréf eða víxlar í íslenskum krónum með ábyrgð bæjar- eða sveitarfélaga og skráð eru í kauphöll.
Skuldabréf lánastofnana	0	4	Gamma Corporate Bond Index	0	Skuldabréf í íslenskum krónum með ábyrgð banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana sem lúta opinberu eftirliti og skráð eru í kauphöll
Sértryggð skuldabréf	0	10	Gamma Covered bond Index	3	Sértryggð skuldabréfsbr. lög nr. 11/2008 sem skráð eru í kauphöll.
Skuldabréf fyrirtækja	0	5	Gamma Corporate Bond Index	0	Skuldabréf með ábyrgð fyrirtækja í íslenskum krónum skráð í kauphöll.
Aðrar fjárfestingar	0	2		0	Skráð verðbréf sem falla utan annarra flokka skv. sömu skilgreiningu og á við b-lið 6. tl. 36. gr. a laga nr. 129/1997
Innlend hlutabréf	0	10	Úrvalsvisitala aðallista með arðgreiðslum (nú OMX10GI)	2	Hlutabréf fyrirtækja sem skráð eru á aðalmarkaði Nasdaq Iceland Kauphöllinni.
Erlend ríkisskuldabréf og bankainnlán	0	10	Bloomberg Barclays Global Agg Treasuries Total Return Index Value Unhedged(LGTRTR UU)	1	Skuldabréf eða víxlar í erlendum myntum með ríkisábyrgð og bankainnlán (MoneyMarket Instruments)
Erlend hlutabréf	3	35	MSCI World Index Total Return (NDDUWI Index)	15	Hlutabréf í erlendum fyrirtækjum.

Við inngreiðslu í VR varasjóð er heimilt að hámark í flokknum „Bankainnlán“ fari tímabundið umfram 25% hámarkið. Undanþága þessi á eingöngu við það safn sem heldur utan um fjármuni VR varasjóðs.

Heimilt er að fjárfesta í verðbréfa-, fjárfestinga- eða fagfjárfestingasjóðum þó með því skilyrði að verðbréfasafni að baki hlutdeildarskírteinum sjóða sé skipt á eignaflokka samkvæmt fjárfestingastefnu þessari.

Óheimilt er að fjárfesta í eignum öðrum en þeim sem tilgreindar eru hér að ofan.

Óheimilt er að selja eignir í erlendum myntum fyrir íslenskar krónur án þess að haft sé samráð við framkvæmdastjóra VR.

Eignastýrendum er óheimilt að taka lán eða fá verðbréf að láni í nafni VR og óheimilt er að fjárfesta eða eiga í fjárfestingasjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.

Ef vafi leikur undir hvaða flokk fjárfestingar falla skal notast við sömu viðmiðanir og fram koma í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.



Fjárfestingastefna þessi var samþykkt af stjórn VR þann 8. apríl 2015, breytingar á stefnu samþykktar á stjórnarfundum VR 14. desember 2016 og 11. september 2019.“

## **7. Framtíðarnefnd VR, starfsreglur og hlutverk**

Friðrik Boði, formaður Framtíðarnefndar VR, lagði fram skjalið „Framtíðarnefnd VR starfsreglur og hlutverk“ og fór yfir efni þess á slæðum.

Í máli hans kom m.a. fram að nefndin vilji skoða breytingar þær sem eru að verða á samfélagi og vinnumarkaði. Þannig að þau taki fyrir það sem er að koma hverju sinni og móti stefnur í samræmi við það.

Umræður.

Ragnar Þór sagði gott að nefndin hefði tekið til starfa og leggur hann til að stjórn samþykki þessar reglur og bar hann þá tillögu sína upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Starfsreglur og hlutverk Framtíðarnefndar er því svo hljóðandi í heild sinni eftir þessa samþykkt:

### **„Starfsreglur og hlutverk Framtíðarnefndar**

#### **1.gr.**

Framtíðarnefnd VR er stofnuð af stjórn VR með það að meginmarkmiði að fjalla um og greina þær breytingar sem eru að gerast í samfélaginu hverju sinni og áhrif þeirra á vinnumarkað og þá sérstaklega á félagsmenn VR. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins og viðbrögð við þessum breytingum til þess að tryggja stöðu félagsmanna, viðhalda áunnum réttindum og leita leiða til þess að styrkja bæði stöðu VR og stéttarfélaga almennt í samvinnu við önnur stéttarfélög og aðra hagsmunaaðila.

#### **2.gr.**

Nefndin skal móta markmið félagsins í þeim málefnum sem talin eru mikilvægust til þess að takast á við breytingar á vinnumarkaði, viðskiptaháttum og samfélagsskipan. Nefndin skal leggja fram aðgerðaáætlun þar sem horft er til tveggja ára í senn og leggja fyrir stjórn VR til samþykktar. Þessi áætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti en ný stjórn getur á hverjum tíma tekið ákvörðun um að framtíðarnefnd leggi fram nýja áætlun til stjórnar VR, ef þurfa þykir.

### **3.gr.**

Framtíðarnefnd skal móta stefnu VR er kemur að því að afla þekkingar á þeim þáttum í tækni og viðskiptaumhverfi sem geta haft áhrif á þessu sviði. Hjá félaginu skal liggja fyrir þekking á þróun í tæknimálum og viðskiptaumhverfi sem kunna að hafa áhrif á félagsmenn. Jafnframt mun VR ýta undir rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði, kynningar og málefnastarf sem tengist verkefnum Framtíðarnefndar á hverjum tíma.

### **4.gr.**

Framtíðarnefnd skal funda að jafnaði mánaðarlega en eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Ritari nefndarinnar er starfsmaður VR.

### **5.gr.**

Stjórn VR skipar Framtíðarnefnd til eins árs í senn, eigi síðar en á öðrum stjórnarfundi eftir aðalfund.

Samþykkt af stjórn VR á stjórnarfundi 1194 þann 11. september 2019“

Fundi var slitið kl.20:40  
Árni Leósson, fundarritari